



HÁSKÓLI ÍSLANDS SIÐFRÆÐISTOFNUN

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 23. mars 2021, kl. 11:30 í Gimli 301. Mætt voru: Vilhjálmur Árnason (VÁ), Sólveig Anna Bóasdóttir (SAB), Elínborg Sturludóttir (ES), Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir (KPP) og Henry Alexander Henrysson (HAH). Páll Rafnar Þorsteinsson (PRÞ) sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

- Fundargerð samþykkt.

2. Ný skipan stjórnar: Nýr stjórnarmeðlimur, Kolbrún Pálsdóttir fulltrúi

Menntavísindasviðs, var boðin velkomin og Ástríði Stefánsdóttur þakkað fyrir vel unnin störf

3. Helstu atriði/verkefni frá síðasta fundi (16. des 2020).

- Viðurkenning/gjöf í nafni Viktors Frankl afhent Kvennaathvarfi 5. janúar
 - VÁ sagði frá afhendingu gjafar, að verðmæti 1 m.kr., sem veitt var Kvennaathvarfinu með það fyrir augum að bæta aðstöðu fyrir börn í atkvarfinu. Viðurkenningin var veitt í nafni Viktors Frankl sem kaus að láta höfundarlaun vegna bókarinnar Leitin að tilgangi lífsins renna til góðra málefna sem tengjast velferð barna.
- Ársfundurinn 15. janúar og Nýsköpunarskýrslan
 - VÁ sagði frá ársfundi Siðfræðistofnunar þar sem fór fram kynning og pallborðsumræður um efni skýrslu um heimspekileg álitamál tengd Covid-faraldrinum.
- Skýrsla til Forsætisráðuneytisins um eflingu trausts:
 - PRÞ greindi frá eftirfylgniskýrslu vegna aðgerða stjórnvalda til eflingar trausts á stjórnsmál og stjórnarsýslu, sem og helstu verkefnum sem framundan eru í þeirri vinnu (endurskoðun siðareglna og umgjarðar um símenntun á sviði opinberra heilinda). Ráðuneytið metur markmið og málshraða.
- Umsagnir um lagafrumvörp (viðmið)
 - PRÞ gerði grein fyrir umsögnum vegna frumvarpa frá síðasta fundi sem og fyrirbyggjandi umsagnarbeiðnum.
 - Rætt var um aukinn fjölda erinda af þessu tagi sem stofnuninni berast og almenn viðmið um hvenær skuli bregðast við slíkum erindum. Stjórn var á einu máli um að miða skuli við að málefni hafi faglega skírskotun til hlutverks stofnunarinnar og/eða að umsögn Siðfræðistofnunar feli í sér gagnlegt innlegg í þjóðfélagssumræðu. Samþykkt var að stjórnarformaður og verkefnastjóri leggi slíkt mat á innsend erindi.
- Önnur verkefni:
 - Bréf til rektors um spilakassa og fundur um efnið 17. mars



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SIÐFRÆÐISTOFNUN

- VÁ sagði frá bréfi sem stjórn Siðfræðistofnunar sendi rektor Háskóla Íslands vegna umræðu um rekstur spilakassa á vegum HHÍ og fundi sem VÁ og HAH áttu með rektor í kjölfarið. Rektor tók vel í erindi stjórnar (sjá lið 4-a).
- Þátttaka í siðanefnd RÚV
 - PRP fór yfir fyrirleggjandi viðfangsefni siðanefndar RÚV.
- Ráðgjöf vegna innleiðingar siðareglna hjá Ríkislögreglustjóra
 - PRP gerði grein fyrir ráðgjöf vegna nýrra reglna Ríkislögreglustjóra um viðtöku starfsfólks lögregluembætta á gjöfum og fríðindum og undirbúningi að endurskoðun siðareglna lögreglu.
- Uppgjör bóka Siðfræðistofnunar
 - PRP greindi frá uppgjöri útgefna titla hjá Háskólaútgáfunni. Útgáfa Siðfræðistofnunar stendur undir sér og var nettó staða um áramót jákvæð um tæplega 1,6 m.kr. (þar af rann 1 m.kr. sem gjöf til Kvænnaathvarfs sbr. lið 3-a). Tveir titlar, *Leitin að tilgangi lífsins og Straumar og stefnur í siðfræði*, skila jöfnum tekjum. Titlar í ráðstefnuritröðinni *Hugsað með ...* seljast aftur á móti lítið.
- Heimasíðan uppfærð
 - PRP gerði grein fyrir vinnu við nýja heimasíðu Siðfræðistofnunar. Vinna hefur tafist mikið en gert er ráð fyrir að nýr vefur verði tilbúinn um mánaðamótin apríl-maí.
- Önnur verkefni, ráðgjöf og tilnefningar í ráð og nefndir:
 - PRP sagði frá ráðgjöf til Menntamálaráðuneytis vegna tilmæla um siðferði og gervigreind sem unnið er að á vegum UNESCO. PRP var í kjölfarið fenginn til þess að taka þátt í áframhaldandi vinnu ráðuneytisins gagnvart UNESCO.
 - Rætt var um aukið mikilvægi álitaefna sem tengjast þróun gervigreindar. KPP lagði til að Siðfræðistofnun stuðli að gerð námskeiða um efnið innan HÍ og var stjórn sammála um að kanna þann möguleika.
 - Siðfræðistofnun tilnefndi Svövu Sigurðardóttur og Ólaf Pál Jónsson í Ráðgjafarnefnd um erfðabreyttar lífverur. Áður sat í nefndinni fyrir hönd stofnunarinnar Eyja Margrét Brynjarsdóttir, sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Varamaður Eyju var Ólafur Páll.

4. Verkefni framundan

Til umræðu:

- a. Starfshópur HÍ um spilakassarekstur



HÁSKÓLI ÍSLANDS

SIÐFRÆÐISTOFNUN

- VÁ sagði frá áformum rektors, að frumkvæði Siðfræðistofnunar (sbr. lið 3-e-i), um að koma á fót starfshópi sem fjalli um rekstur spilakassa HHÍ og yrði rektor til ráðgjafar um það mál. Fram kom að rektor hefði falið VÁ og HAH að gera tillögu um samsetningu hópsins og semja drög að skipunarbréfi. Stutt umræða var um málið og tóku stjórnarmenn vel í það. Samþykkt var að HAH sæti í starfshópnum af hálfu Siðfræðistofnunar og PRP yrði hópnunum til aðstoðar.
 - b. Rannís-umsókn Hlyns Orra Stefánssonar og beiðni um stöðu gestafræðimanns við stofnunina
 - VÁ og PRP greindu frá og báru undir stjórn þann möguleika að skrá Hlyn Orra Stefánsson sem gestafræðimann við stofnunina í tengslum við fyrirhugað rannsóknarverkefni hans um siðfræði og loftslagsmál. Stjórn samþykkti að stjórnarformaður og verkefnastjóri vinni áfram að því.
 - c. Fjárhagsáætlun og útgáfustefna
 - PRP og VÁ greindu frá nýjum verklagsreglum fyrir undirstofnanir Hugvísindastofnunar, um gerð fjárhagsáætlana og mótun útgáfustefnu. Samþykkt var að stjórnarformaður og verkefnastjóri vinni fjárhagsáætlun og leggi drög að útgáfustefnu í samvinnu við Hugvísindastofnun.
 - d. Útgáfa: Siðfræði og samtími – Sjálfræði og þroskahömlun
 - VÁ kynnti áform um útgáfu á greinasafni um sjálfræði og þroskahömlun í ritröðinni Siðfræði og samtími. Ritið mun að líkindum nýtast vel í kennslu. Ritstjórar verða fjárhagslegir ábyrgðarmenn ritsins. Samþykkt var að vinna málið áfram á þessum forsendum.
 - e. Verkefni á vormisseri / viðfangsefni?
 - Lagt var til að halda málfund um siðferðileg álitaefni sem varða dánaraðstöð. Samþykkt var að miða að því að halda vefviðburð um efnið um eða eftir miðjan aprílmánuð.
- Til kynningar:
- f. Lýðræðislegt hlutverk háskóla, vefráðstefna (25. og 26. mars)
 - VÁ sagði frá þátttöku í ráðstefnu um lýðræðislegt hlutverk háskóla sem áður hafði verið frestað vegna sóttvarnarráðstafana.
 - g. Ráðgjafaráð stofnunarinnar. Boða til fundar fyrir misserislok
 - VÁ greindi frá stöðunni. Ekki hafa borist tilnefningar frá öllum sem leitað var til. Stefnt er að því að boða til fundar ráðgjafaráðs fyrir lok vormisseris ef sóttvarnarráðstafanir leyfa, en vilji er til þess að fólk geti komið saman til fyrsta fundar.
 - h. Heimsókn Grayling og minningarlestur um PSK í lok okt
 - PRP sagði frá fyrirhugaðri heimsókn A.C. Grayling dagana 19.–22. október. Grayling mun flytja minningarfyrirlestur um Pál Skúlason.
 - i. Bioethics and Political Philosophy í Skálholti (1.–4. Júní 2022)



HÁSKÓLI ÍSLANDS
SÍÐFRÆÐISTOFNUN

- VÁ greindi frá nýrri tímasetningu á málstofuna Bioethics and Political Philosophy í Skálholti, sem hefur verið frestað í tvígang vegna Covid-faraldursins.
- j. Hugsanleg Rannís-umsókn í framhaldi Nýsköpunarverkefnisins um Covid 19
 - Vá sagði frá áformum um að sækja um Rannís-styrk í framhaldi af verkefni um Covid-19 (sbr. lið 3.b) sem stutt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna síðasta sumar.

5. Önnur mál

- Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 13:02